



Samkeppniseftirlitið
Steingrímur Ægisson
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Sent rafrænt

Reykjavík, 28. júlí 2022

Efni: Kaup Ardian á öllu hlutfé í Mílu ehf. af Símanum hf. – markaðsprófun Samkeppniseftirlitsins

Míla ehf. („Míla“) vísar til erindis Samkeppniseftirlitsins til Mílu 21. júlí 2022 í tengslum við ofangreint málfefni.

Með erindinu óskar Samkeppniseftirlitið eftir athugasemdum og sjónarmiðum markaðsaðila um annars vegar tillögur samrunaaðila að mögulegum skilyrðum og hins vegar athugasemdir samrunaaðila við frummatið sem þeim var kynnt með andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins, þar sem komist er að þeirri frumniðurstöðu að samruninn raski samkeppni með umtalsverðum hætti og því sé tilefni til að grípa til íhlutunar á grundvelli 17. gr. c samkeppnislaga nr. 44/2005.

Með erindi 15. júlí 2022, í tilefni af umræddu andmælaskjali, kom fram að Míla væri hvorki kaupandi né seljandi hlutafjárins og ekki hefðbundinn *samrunaaðili* í þeim skilningi, heldur frekar *andlag* samrunans. Þar sem mörg efnisatriða andmælaskjalsins vörðuðu Mílu sérstaklega og Ardian ætti eðli málsins samkvæmt ekki alltaf hægt um vik að svara þeim án fulltingis Mílu, hefði Míla veitt Ardian, sem samrunaaðila, nauðsynlegar upplýsingar og liðsinni svo Ardian gæti komið sjónarmiðum sínum á framfæri í samræmi við lögbundinn andmælarett Ardian og svo atvik væru sem best upplýst í samræmi við eðli samrunamála og rannsóknarreglu stjórnisýsluréttar. Um leið gerði Míla málatilbúnað samrunaaðila hér að lútandi, þ. á m. varðandi greiningu markaða og stöðu aðila á þeim, að *sínum* eftir því sem við gæti átt og samrýmdist hagsmunum Mílu. Mótmælti Míla þannig meðal annars allri umfjöllun sem væri ætlað að renna stoðum undir að Míla væri markaðsráðandi aðili eða að samruninn væri til þess fallinn að leiða til slíks.

Míla ítrekar framangreinda afstöðu. Sérstaka athygli vekur að Samkeppniseftirlitið skuli ekki huga betur að *landfræðilegri greiningu* markaðarins enda eru, svo dæmi sé tekið, samkeppnisaðstæður á stór-höfuðborgarsvæðinu gjörólíkar því sem tíðkast sum staðar í dreifðari byggðum og er Ljósleiðarinn ehf. með stærri markaðshlutdeild en Míla.

Míla ítrekar einnig meðal annars fyrri umfjöllun Mílu í bréfi sínu frá 15. júlí sl. um hina svokölluðu „*Backbone alliance*“ hugmynd og túlkun Samkeppniseftirlitsins á henni, sem Míla telur að sé verulega orðum aukin þess sem samkeppnislög, og eftir atvikum fjarskiptaregluverk, setja slíku samstarfi og uppbyggingu þess að sjálfsögðu ákveðnar skorður. Verður ótvírætt að gæta þess við matið.

Líkt og Míla benti á framangreindu bréfi þá verður jafnframt við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans að líta til nýlegra breytinga á fjarskiptaumhverfi og lagaumgjörð. Í því sambandi er m.a. vísað til þess að Ljósleiðarinn, sem er dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur, samdi á dögnum við utanríkisráðuneytið um afnot af tveimur af átta ljósleiðarabráðum í ljósleiðarastreng Atlantshafsbandalagsins sem liggur hringinn í kringum Ísland og til Vestfjarða



Af lýsingu verkefnisins má ráða að markmið ríkisins með þeim samningi væri að efla samkeppni. Þá voru á vordögum sett ný heildarlög um fjarskipti, sem ætlað er að innleiða svonefnda EECC-tilskipun (ESB) nr. 2018/1972 eða Kóðann. Þetta ásamt fleiru hefur áhrif á aðstæður til framtíðar.

Önnur umfjöllun í fyrrgreindu erindi er jafnframt ítrekuð.


Vegna þeirrar umfjöllunar í erindi Samkeppniseftirlitsins, að af samrunaskrá Ardian að dæma „[v]irðist lagt til grundvallar að í raun hafi ekki ríkt jafnræði milli Símans og keppinauta varðandi þjónustu Mílu“, og að jafnframt „hafi verið viðvarandi hætta á útilokandi aðgerðum gagnvart keppinautum Símans sem minnki við samrunann“, þá skal tekið fram, formsins vegna, að Míla hefur í einu og öllu fylgt fyrirmælum sáttar þeirrar sem Míla og Síminn hf. gerðu við Samkeppniseftirlitið sem og fyrirmælum samkeppnislaga nr. 44/2005.

Míla hefur einnig kynnt sér tillögur Ardian að *skilyrðum*. Frá sjónarhóli Mílu geta þær talist skynsamlegar. *Annars vegar* verka þær gegn tilgreindum meintum skaðlegum samkeppnislegum áhrifum, sbr. ekki síst sú *víðtæka aðgangs- og jafnræðiskvöð* sem lögð er til. Hins vegar, og ekki síður, þá er stuðlað að því að viðhlítandi *samhljómur og samhengi* sé á milli samkeppnis- og fjarskiptaregluverks og *kvaða* á grundvelli þeirra, líkt og þar er rökstutt. Þau skilyrði sem lögð eru fram af hálfu Ardian stuðla því að mati Mílu að því að eðlilegu jafnvægi, hvað varðar samkeppni og aðgengi að nauðsynlegum innviðum og þjónustu Mílu, sé náð.

Varðandi síðastnefnt atriði, þá má að sjálfsögðu ekki gleyma því grundvallaratriði, við mat á meintum skaðlegum samkeppnislegum áhrifum samrunans og framtíðarhorfum á mörkuðum fjarskipta, að Fjarskiptastofa gegnir þar alveg sérstöku hlutverki, þ.á m. í formi lögbundinna markaðsgreininga og setningu skilyrða á grundvelli þeirra, þar sem hliðsjón er meðal annars höfð af eðli samkeppni í innviðum á tilteknu svæði í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Ekki er þannig hægt að horfa á samkeppnislögin í tómarúmi gagnvart fjarskiptaregluverki og víðtækum eftirlitsheimildum og -úrræðum Fjarskiptastofu, þ.á m. til setningar kvaða..

Að lokum er allur frekari réttur áskilinn í samræmi við það sem lög bjóða.

Virðingarfyllst,
f.h. Mílu ehf.


Auður Inga Ingvarsdóttir
Yfirlögfræðingur